

Miðvikudaginn 27. nóvember 1974.

Nr. 96/1974: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Valgeiri Tómasi Sigurðssyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dó m e n d u r :

**hæstaréttardómaramír Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Brot gegn 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og eru sönnunaratrði máls réttilega metin þar samkvæmt sakargögnum.

Um ákærulið A.

Eigi þykir alveg fullnægjandi sönnun fram komin í málinu fyrir því, að ákærða hafi verið kunnugt um, að í tösku þeirri, er farþegi í bifreið hans hafði meðferðis, væri ólöglega innflutt áfengi. Ber því að staðfesta sýknudóm héraðsdómara um þennan ákærulið.

Um ákærulið B.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að atferli ákærða samkvæmt þessum ákærulið varði við 1. málsg. 106. gr. og 4. málsg. 220. gr. almennra hegningarlaga. Refsingu samkvæmt þeim ákvæðum ber að dæma með vísan til 77. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Valgeir Tómas Sigurðsson, greiði allan kostn-

að af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómr sakadóms Reykjavíkur 10. október 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 10. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 442/1973: Ákærvaldið gegn Valgeiri Tómasi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 14. f. m.

I.

Málið var höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 17. apríl s.l., gegn ákærða, Valgeiri Tómasi Sigurðssyni, nú framkvæmdastjóra og nú til heimilis að Strandgötu 1, Hafnarfirði, fæddum 3. október 1947 á Siglufirði, fyrir hlutdeild að smygli og tálmanir gagnvart tollverði í að gegna skyldustarfi sínu með eftirgreindu atferli föstudagsmorguninn 7. maí 1971:

- A. Að flytja í bifreið sinni, F 85, frá skipshlið m/s Fjallfoss, sem lá við vestanverðan Miðbakka í Reykjavíkurhöfn, 11 3/4 líters flöskur af 75% vodka, sem bróðir ákærða, Jónas Þráinn Sigurðsson, hafði þá rétt áður borið í tösku úr skipinu inn í bifreiðina.
- B. Að neita Jónasi Garðarssyni Hall tollverði, er hann ein-kennisklæddur stöðvaði bifreiðina á Miðbakka, að skoða innihald töskunnar og fylgja þeirri neitun eftir með því að aka bifreiðinni af stað, þrátt fyrir að tollvörðurinn héldi um stýri bifreiðarinnar, og á ófyrirleitinn hátt að aka áfram með nokkrum hraða austur Miðbakka, norður Austurbakka og Faxagötu að hafnarvoginni með tollvörðinn hangandi utan á bifreiðinni, þannig að hann dróst með henni, og stofna með þeim akstri lífi hans í augljósan háska.

Atferli ákærða, sem að framan er lýst, telst varða við 46. gr. áfengislaga nr. 82/1969, 1. og 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 62. gr., sbr. 71. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og 1.

mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

A.1. Samkvæmt því, sem segir í skýrslu Jónasar Garðarssonar Hall tollvarðar, var hann á gangi klukkan um 1015 föstudaginn 7. maí 1971 um Miðbakkann við Reykjavíkurböfn, þar sem m/s Fjallfoss lá. Sá tollvörðurinn þá, hvar maður kom niður landgang skipsins og hafði tösku meðferðis. Gekk maðurinn að bifreiðinni F 85, sem beið hans við skipshlið, og settist við hlið ökumannsins. Síðan var bifreiðinni ekið af stað vestur bakkann að Grófarbryggju, en varð að snúa þar við, vegna þess að krana hafði verið lagt á hafnarbakkann neðan við tollskýlið. Þá gaf tollvörðurinn ökumanninum stöðvunarmerki, um leið og hann gekk í veg fyrir bifreiðina. Óskaði tollvörðurinn eftir að fá að skoða innihald áðurgreindrar tösku, en ökumaðurinn fullyrti, að bóúið væri að skoða í hana. Ekki var tollvörðurinn ánægður með þetta svar og endurtók ósk sína. Ökumaðurinn sagði, að tollvörðurinn hefði ekkert með slíkt að gera og ók af stað. Greip tollvörðurinn þá í stýri bifreiðarinnar og hékk utan á henni og reyndi á allan hátt að stöðva hana, en tókst það ekki fyrr en við hafnarvogina við Faxagötu. Sá, sem sat við hlið ökumannsins, greip þá töskuna og hljóp út úr bifreiðinni. Veitti tollvörðurinn manninum eftirför og náði honum eftir nokkurn spöl. Tollvörðurinn tók töskuna í sínar vörslur, og reyndist innihald hennar vera 11 3/4 líters flöskur af vodka 75%.

Ökumaður framangreindrar bifreiðar reyndist vera ákærði í málinu, en hinn maðurinn bróðir ákærða, Jónas Þráinn Sigurðsson, matsveinn á m/s Fjallfossi.

2. Framangreindur áfengisfundur varð til þess, að leitað var í m/s Fjallfossi eftir hádegi sama dag, og fundust samkvæmt skýrslu Einars Vilhjálmssonar tollvarðar, um klukkan 1400, í herbergi matsveinsins 1 3/4 líters flaska vodka 75%, 4 2 lítra flöskur vodka 40%, 1 3/4 líters flaska vodka 56%, 1 3/4 líters flaska vín 7% og 1 kassi, eða 24 flöskur, af bjór.

3. Samkvæmt viðbótarskýrslu Jónasar Garðarssonar Hall fór hann eftir framangreindan atburð að kenna eymsla í baki og fór því í lækniSSkoðun á slySavarðstofu. Hörður Alfreðsson læknir taldi að svo stöddu ekki unnt að kanna, hvort um varanleg meiðsli

væri að ræða. Einnig hlaut tollvörðurinn sár á hendi, sem búið var um á tollstöð, svo og mar á upphandlegg.

B.1. Dómsrannsókn hófst í máli þessu 25. maí 1971. Þá kom fyrir dóm vitnið Jónas Garðarsson Hall tollvörður, til heimilis Hjaltabakka 2, Reykjavík.

Vitnið var eitt af starfsfélögum sínum á hafnarbakkanum, er atburðurinn átti sér stað. Vitnið sagði, að m/s Fjallfoss hefði umrætt sinn legið við Miðbakkann í krikanum við Grófarbryggjuna. Síðan skýrði vitnið sjálfstætt frá málavöxtum og gerði það mjög á sömu leið og í skýrslu sinni. Leið sú, sem vitnið dróst með bifreið ákærða, var eftir öllum Miðbakkanum, síðan norður eftir Austurbakkanum og að hafnarvoginni við Faxagötu. Vitnið sagði, að ekki hefði verið um það að ræða, að það hlypi með bifreið ákærða, þar sem svo greitt var ekið, að vitnið dróst með. Uppskipunarvinna var í fullum gangi, og voru þarna á bakkanum verkamenn og mikið af vinnutækjum.

2. Tollverðirnir Þórir Skafti Magnússon og Páll Franzson, sem tóku þátt í leitinni um borð í m/s Fjallfossi eftir hádegi 7. maí 1971, komu fyrir dóm 28. s. m., en hvorugur þeirra gat borið um viðskipti ákærða við vitnið Jónas Garðarsson Hall, en staðfestu báðir fund á áfengi í klefa matsveinsins.

3. Ákærði kom fyrir dóm 1. júlí s. á. Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa verið að sækja bróður sinn og tollvörðurinn hafi ekki verið einkennisklæddur, hafi hann verið í brúnum vinnuslopp, og minntist ákærði þess ekki, að hann hafi verið með einkennis-húfu. Umrætt sinn voru skip við alla bakka, uppskipunarvinna í fullum gangi og fullt af mönnum og tækjum á bakkanum. Ákærði var að aka austur Miðbakkann, er áðurgreindur maður gekk í veg fyrir bifreiðina. Ákærði stöðvaði þá bifreið sína, og var framrúðan hjá ákærða opin. Maðurinn krafðist þess að fá að leita í bifreiðinni. Ákærði sagði manninum, að hann ætti bifreiðina og að engu væri að leita og ók síðan af stað. Stökk maðurinn þá á bifreiðina, braut fyrst stefnuljósrofann vinstra megin á stýrinu, þreif í stýrið og gírstöngina, sem er hægra megin, og sveigði hana í hálfhring til hægri, svo að ekki var hægt að stjórna bifreiðinni með eðlilegum hætti. Ákærði sagðist ekki hafa stöðvað bifreiðina, fyrr en hann var kominn úr þvögunni á hafnarbakkanum, og hljóp maðurinn allan tímann með bifreiðinni og reyndi að spyrna við fótum í bryggjuna. Ákærði kvaðst hafa ekið hægt og bifreiðin hafi alltaf verið í öðrum gír.

Ákærði sagði, að sér hafi verið ókunnugt um innihaldið í tösku

bróður síns og hann hafi því ekki haft neina ástæðu til að reyna að komast undan, en sér hafi gramist framkoma mannsins. Ekki kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir, að um tollvörð væri að ræða, fyrr en eftir að bifreiðin var stöðvuð og maðurinn sagðist vera tollvörður.

4. Jónas Þráinn Sigurðsson, bróðir ákærða, kom fyrir dóm 15. október s. á. Tollgæsluskýrsla vitnisins Jónasar Garðarssonar Hall, sbr. A1, var lesin fyrir kærða Jónasi Þráni. Kærði viðurkenndi vafningalaust að hafa verið með 11 flöskur af vodkaáfengi í tösku, sem hann ætlaði til eigin þarfa. Þá sagði kærði, að lýsing tollvarðarins á viðskiptum við þá bræður væri í meginatriðum rétt. Aðspurður hvort ætlun bræðranna hafi verið sú að hrista tollvörðinn af sér, minnti kærða, að tollvörðurinn hafi verið dónalegur við þá bræður og bifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt. Ekki minntist kærði þess að hafa hvatt bróður sinn til að aka af stað, er tollvörðurinn birtist, og kærði sagði, að bróðir sinn hafi ekki vitað um innihald töskunnar.

Er kærða hafði verið kynntur framburður vitnisins Jónasar Garðarssonar Hall í sakadómi 25. maí s. á., gerði kærði þær athugasemdir, að ekki hafi verið ekið hratt og tollvörðurinn hafi fremur gengið með bílnum en hlaupið.

Loks kannaðist kærði við, að skýrsla sú, sem getið er um í A 2, hafi verið rétt að öðru leyti en því, að þar sem talað er um létt vín, hafi raunverulega verið að ræða um saft.

C. Með bréfi, dagsettu 28. desember 1971, tilkynnti saksóknari ríkisins, að af hálfu ákærvaldsins væri samþykkt, að máli vegna ofangreindra atburða væri lokið með dómssáttum við þá bræður. Mánudaginn 17. janúar 1972 samþykkti kærði Jónas Þráinn að greiða kr. 17.800.00 í sekt til ríkissjóðs vegna framangreinds ólög-mæts innflutnings svo og vegna ólög-mæts innflutnings á 5400 stk. af vindlingum með m/s Fjallfossi, er hann kom til Reykjavíkur 20. mars 1971. Brot þessi voru talin varða við 60., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, 1., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og 3., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Jafnframt féllst kærði á að sæta upptöku á öllum hinum ólöglega innflutta varningi.

Ekki tókst að kynna ákærða, Valgeiri Tómasi, efni fyrrgreinds bréfs saksóknara fyrr en 12. október 1972, þar eð hann dvaldist erlendis við nám á hótelskóla í Sviss. Ákærði neitaði þá alfarið að ljúka málinu með dómssátt, þar eð hann væri ekki sekur, toll-

vörðurinn hafi ekki verið einkennisklæddur, heldur sloppklæddur og framkoma hans hafi verið ósæmileg.

D.1. Vitnið Jónas Garðarsson Hall kom fyrir dóm á ný 7. desember s.l. Vitnið kvaðst þá hafa verið í bláum einkennisfötum og samlitum einkennisslopp utan yfir svo og með einkennishúfu, er það hafði afskipti af ákærða. Er dómariinn hafði kynnt vitninu framburð ákærða í dómi 1. júlí 1971 um klæðaburð vitnisins, sagði vitnið, að vera kynni, að það hafi verið í brúnum vinnuslopp, þar sem þeir tíðkuðust áður fyrr, á meðan einkennisfötin voru svört eða dökkblá, en ekki ljósblá, eins og nú er algengast, en vitnið taldi það ekki fara milli mála, að það hafi verið með einkennishúfu.

Er vitnið gaf sig á tal við mennina, kvaðst það hafa krafist þess að fá að leita í tösku farþegans, sem það hafði séð farþegann koma með frá skipinu, en ekki krafist þess að fá að leita í bifreiðinni almennt. Farþeginn sagði þá ekkert, en öku- maðurinn, að búið væri að leita í töskunni um borð í skipinu eða eitthvað á þá leið. Vitnið kveðst þá hafa endurtekið ósk sína og sagt, að slíkt skipti ekki máli og það hlyti að vera í lagi að leita í töskunni, úr því að ekkert væri í henni. Maðurinn sagði þá, að vitninu kæmi það ekkert við, og ók þá af stað.

2. Þegar vitnið Jónas Garðarsson Hall hafði gefið ofangreindan vitnisburð, kom ákærði enn fyrir dóm og var samprófaður við vitnið.

Dómariinn benti á, að ákærði hefði haldið því fram, að vitnið Jónas hafi verið óeinkennisklætt, en vitnið hafi haldið fram hinu gagnstæða. Vitnið tók þá fram að gefnu tilefni frá ákærða, að það hafi verið einkennishúfulaust, er það tók niður nafn ákærða, en það hafi einfaldlega stafað af því, að húfan hafi dottið af vitninu, er ákærði tók bifreiðina af stað, en ákærði hélt fast við að hafa ekki séð einkennishúfuna á tollverðinum, er ákærði ræddi við hann upphaflega og reyndar aldrei, á meðan á þessu stóð.

Aðspurður, hvað ákærða hafi gengið til að meina vitninu að leita í töskunni, segir ákærði, að því hafi aldrei verið meinað neitt, og ákærði taldi sig ekki sekan um neitt.

Er dómariinn benti á, að í framburði ákærða hafi komið fram, að bifreiðinni hafi verið ekið hægt og maðurinn hafi allan tímann hlaupið með bifreiðinni, en vitnið segi, að svo hratt hafi verið ekið á tímabili, að það hafi þurft að halda sér í gluggakarminn og ekki getað fótað sig, kvaðst ákærði vera búinn að segja það,

sem hann ætlaði að segja í málinu, en vildi þó taka skýrt fram, að vitnið hefði ekki verið einkennisklætt að sínu álit.

Er ákærði var spurður, hvaða skýringu ákærði gæti gefið á því, aðra en þá, að hann hafi verið að reyna að komast undan, að hafa ekið með manninn utan á bílnum, sem ýmist hljóp með honum, dróst eða hékk, sagði ákærði, að hann væri búinn að svara þessu og hann sæi ekki annað en maðurinn hafi verið sjálfráður um, hvort hann hlypi með um hafnarbakkann eða ekki.

3. Vitnið Pétur Wiencke bifreiðarstjóri, Unufelli 35, kom fyrir dóminn 22. desember s.l. Vitnið var umrætt sinn statt í bifreið, sem var við landganginn á skipi, sem lá við hafnarbakkann á móti gamla tollskýlinu. Um var að ræða Fjallfoss eða Tungufoss. Sá vitnið þá tvo menn um borð í skipinu, sem nálguðust landganginn og virtust ætla í land, og var annar maðurinn með tösku. Í því sá vitnið tollvörð koma gangandi vestur hafnarbakkann í áttina frá nýja tollhúsinu. Sneru mennirnir þá við, og er tollvörðurinn var horfinn, komu mennirnir í land og telpa með þeim. Gengu þeir að bifreið af gamalli gerð, og minnti vitnið, að sá töskulausi hefði sest undir stýri. Óku þeir af stað, fyrst til vesturs, en vegna einhverrar hindrunar sneru þeir við til austurs. Í því kom annar tollvörður í áttina frá nýju tollbúðinni, og gaf hann mönnunum merki um að nema staðar. Ræddi tollvörðurinn eitt-hvað við mennina, en skyndilega var bílnum ekið af stað. Sá vitnið þá, að tollvörðurinn rétti höndina inn um bílgluggann, sennilega í því skyni að ná í kveikjulykilinn. Sá, sem sat við stýrið, reyndi að ýta út handlegg tollvarðarins, og við það missti tollvörðurinn einkennishúfuna, sem hann hafði á höfðinu. Var bílnum síðan ekið austur Austurbakkann og allt að togarabryggjunni og sveigt síðan að gömlu Faxabúðinni.

Alla þessa leið hékk tollvörðurinn í hnipri utan á bifreiðinni og dróst þannig með henni, því að bifreiðinni var ekið það hratt, að hann gat ekki hlaupið með henni. Vitnið sagði, að sér hefði ekki litist á þetta og því ekið á eftir í sinni bifreið, og taldi vitnið, að tollvörðurinn hafi verið í hættu, því ef hann hefði misst takið, hefði hann verið í hættu með að lenda undir afturhjóli bílsins eða skella í götuna. Er bifreið mannanna var loks stöðvuð, hljóp sá með töskuna út úr bifreiðinni og síðan telpan, sem kallaði pabbi, og stoppaði maðurinn þá fljótlega og kom til baka með tollverðinum, sem hafði hlaupið á eftir honum. Er afskiptum tollvarðarins og mannanna lauk, kveðst vitnið hafa ekið tollverðinum upp

að nýja tollhúsinu, og kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, að hann var blóðugur á annarri hendinni.

Vitnið kvaðst vera visst um það, að tollvörðurinn var með einkennishúfu, er það sá hann fyrst koma gangandi að bifreiðinni. Vitnið minnti, að hann hafi verið í gráum slopp, en kvaðst þó ekki vera visst um það atriði. Tollvörðurinn missti einkennishúfuna af höfðinu, er ökumaðurinn reyndi að ýta handlegg hans út úr bifreiðinni, og var vitninu sérstaklega minnisstætt, að verkamaðurur tók húfuna upp, um það leyti sem vitnið ók af stað.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 15. nóvember 1971, hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

1962 27/11 Siglufirði: Áminning fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga.

1967 26/1 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1970 2/11 Reykjavík: Sátt, 20.800 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og tolllögum.

IV.

Ákæruliður A. Gegn eindreginni neitun ákærða, sem studd er framburði bróður hans, Jónasar Þráins, telur dómurinn ekki nægjanlega sannað samkvæmt meginreglu 108. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 73/1973, að ákærði hafi haft vitneskju um, að bróðir hans hafi haft 11 3/4 líters flöskur af 75% vodka í töskunni, sem hann bar í land úr m/s Fjallfossi, sem lá við vestanverðan Miðbakkann, út í bifreiðina F 85 föstudagsmorguninn 7. maí 1971, þótt ofsafengin viðbrögð hans við löggæsluaðgerðum tollvarðarins Jónasar Garðarssonar Hall bendi til hins gagnstæða. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið sökum skorts á sönnunum á huglægum refsiskilyrðum.

Ákæruliður B. Með framburði vitnanna Jónasar Garðarssonar Hall og Péturs Wienckes telur dómurinn sannað, að tollvörðurinn hafi verið nægjanlega einkennisklæddur umrætt sinn, a. m. k. með einkennishúfu og í sams konar slopp og tollverðir eru vanir að ganga í við tollskoðanir, þannig að ákærða hlaut að vera ljóst, að þarna var um tollvörð að ræða, enda um að ræða atburð við skipshlið á hafnarsvæðinu. Auk þess benda hin ofsafengu viðbrögð ákærða til þess, að hann hafi gert sér fulla grein fyrir því, að um löggæslumann hafi verið að ræða.

Með framburði sömu vitna svo og að nokkru með framburði

ákærða sjálfs og bróður hans Jónasar Sigurðar telur dómurinn einnig sannað, að ákærði hafi neitað tollverðinum að skoða innihald framangreindrar tösku og fylgja þeirri neitun eftir með því að aka bifreiðinni F 85 af stað, þrátt fyrir að tollvörðurinn hélt um stýri bifreiðarinnar, og þar með hindrað tollvörðurinn í að gegna skyldustörfum sínum með beinni líkamlegri nauðung. Með sömu framburðum telur dómurinn nægjanlega sannað, að ákærði hafi stofnað heilsu eða jafnvel lífi tollvarðarins í augljósan háska með því að hafa á ófyrirleitinn hátt ekið bifreiðinni austur Miðbakkann, norður Austurbakka og Faxagötu að hafnarvoginni, þótt tollvörðurinn hengi utan á bifreiðinni, þannig að hann dróst með henni, og var bersýnilega hættu á, að hann missti tak sitt á bifreiðinni, skylli í götuna og jafnvel undir bifreiðina.

Framangreint atferli ákærða varðar við 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða samkvæmt sömu lagagreinum telst hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga, sbr. 44. gr. sömu laga.

Ákærði var ekki ákærður fyrir brot á umferðarlögum eða til ökuréttindasviptingar.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 141. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu á öllum sakarkostnaði málsins, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Valgeir Tómas Sigurðsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.